



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 22. febrúar 2019

RMF18120003

3.1.3

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

***Samstarfssamningar við Myndhöggvarafélag Reykjavíkur, ASSITEJ, Múlabinn, Harbinger og Reykjavík Dance Festival til samþykktar***

Á fundi menningar-, íþróttar- og tómsundaráðs þ. 22. febrúar sl. voru lagðir fram til samþykktar eftirfarandi undirritaðir samstarfssamningar: Myndhöggvarafélag Reykjavíkur 2019-2020, ASSITEJ á Íslandi 2019-2020, Múlabinn - jazzklúbbur 2019-2020, Harbinger 2019-2020 og Reykjavík Dance Festival 2019-2020.

Samningarnir voru samþykktir sbr. 2. gr. hjálagðrar fundargerðar og er hér með vísað til borgarráðs til samþykktar.

Fyrir hönd menningar-, íþróttar- og tómsundaráðs

Inga María Leifsdóttir

verkefnastjóri

skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Fundargerð 14. fundar menningar-, íþróttar- og tómsundaráðs dags. 22. febrúar 2019

Samstarfssamningur Myndhöggvarafélag Reykjavíkur 2019-2020

Samstarfssamningur ASSITEJ á Íslandi 2019-2020

Samstarfssamningur Múlabinn - jazzklúbbur 2019-2020

Samstarfssamningur Harbinger 2019-2020

Samstarfssamningur Reykjavík Dance Festival 2019-2020

## MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNДАРÁÐ

Ár 2019, mánudaginn 22. febrúar var haldinn 14. fundur menningar-, íþróttá- og tómsunduraráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 10.15. Viðstaddir: Pawel Bartoszek, Sabine Leskopf, Elín Oddný Sigurðardóttir, Björn Gíslason og Katrín Atladóttir. Áheyrnarfulltrúi BÍL: Erling Jóhannesson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Arna Schram, Huld Ingimarsdóttir og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram að nýju yfirlit yfir áherslur og forgangsroðun menningar-, íþróttá- og tómsunduraráðs vegna vinnu við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020. RMF18060004

Samþykkt.

- Kl. 10.17 taka Hjálmar Sveinsson og Baldur Borgþórsson sæti á fundinum.

2. Lagðir fram eftirfarandi samstarfssamningar: Myndhöggvarafélag Reykjavíkur 2019-2020, ASSITEJ á Íslandi 2019-2020, Múlinn - jazzklúbbur 2019-2020, Harbinger 2019-2020 og Reykjavík Dance Festival 2019-2020. RMF18120003

Samþykkt. Samningunum vísað til borgarráðs til samþykktar.

3. Lagt fram yfirlit yfir alla samstarfssamninga í gildi á menningar- og ferðamálasviði. RMF19020012

Menningar-, íþróttá- og tómsunduraráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Menningar-, íþróttá- og tómsunduraráð þakkar yfirferð yfir gildandi samstarfssamninga í menningarmálum. Í áherslum ráðsins liggur fyrir vilji til að standa vörð um og efla styrktarsjóði, sem úthlutað er úr í samræmi við ráðleggingar faghóps. Þá er nauðsynlegt að huga að framtíðar fyrirkomulagi borgarhátíða nú, þegar gildandi samstarfssamningar við þær renna út í árslok 2019. Vegna styrkbeiðna sem kunna að berast ráðinu eða sviðinu áréttar menningar-, íþróttá- og tómsunduraráð þá meginreglu að styrkumsóknir eiga berast borgarsjóði fyrir 1. október ár hvert og eru í kjölfarið teknar fyrir af ráðgefandi faghópi um styrkveitingar. Menningar-, íþróttá- og tómsunduraráð telur almennt ekki heppilegt að ráðið fjalli um einstaka styrkumsóknir sem berast ráðinu utan þess tíma.

Sif Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Fram fer umræða um verkefnastjórn 17. júní, hlutverk hennar og skipan. RMF19020009

Sif Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 10:56 vikur Hjálmar Sveinsson af fundinum.

EB PB 05  
KA

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga formanns menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs:

Ákveðið er að aflétta fyrirvara við samþykkt úthlutunar til Reykjavík Fashion Festival, sbr. fundargerð menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs frá 28. janúar 2019. Styrkveiting vegna ársins 2019 er skilyrt við endurgreiðslu styrksins frá 2018 og þá verður styrkur ársins 2019 ekki greiddur fyrr en að háttíð lokinni.

Samþykkt.

**Fundi slitið kl. 11:18**

Samur Þartozsh  
Særeykuból  
Elena Jón  
Björgvin  
Keldur  
Elin Alding Sig.

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur (MOF) f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Myndhöggvarafélag Reykjavíkur ((MR) kt.600479-0329 gera með sér svofelldan:

### SAMNING

Um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Myndhöggvarafélag Reykjavíkur á tímabilinu 1.1.2019 – 31.12.2020

#### 1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við MR er að til þess að viðhalda þeirri starfsemi sem er nú þegar til staðar og efla hana til muna þ.e.a.s. vinnuaðstöðu og tækjakost félagsmanna svo enn betur sé hægt að vinna að fjölbreyttum myndlistarverkefnum í Reykjavík.

#### 2. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur MOF MR til í beinum fjárframlögum kr.:

- 2.000.000 árið 2019
- 2.000.000 árið 2020

Árin 2019 og 2020 greiðist upphæðin í tveimur jöfnum greiðslum eða 1.000.000 1.-3. mars og 1.-3. júní. Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 334-26-006802

#### 3. gr. Framlag og markmið Myndhöggvarafélags Reykjavíkur

Markmið MR er að búa yfir vinnuaðstöðu, verkfærum og þekkingu fyrir starfandi myndlistarmenn í Reykjavík sem sérhæfa sig í höggmyndalist. Til þess að það sé hægt þarf að viðhalda verkstæðunum, og endurnýja tæki og búnað svo að myndlistarmenn geti við góðar aðstæður skapað og unnið verk sín fyrir stórar og litlar sýningar, tekið þátt í hverskyns listaupptákum og boðið uppá vinnustofu heimsóknir. Félagið er rótgróið en það heldur uppá 50 ára afmæli sitt árið 2022. Undirbúningur þessa áfanga er kominn á fullt skrið m.a. með röð útisýninga. Myndhöggvarafélagið í Reykjavík er eini staðurinn á landinu sem getur boðið myndlistarmönnum uppá sameiginlega vinnuaðstöðu með aðgengi að hinum margvíslegu vélum og verkstæðum sem félagið heldur úti. Félagið gegnir lykilhlutverki í því að stuðla að blómlegri starfsemi listasafna og gallería í Reykjavík. Einnig hafa fjölmörg verk fyrir opinber rými og stofnanir verið unnin á verkstæðum Myndhöggvarafélagsins auk verka sem sýnd hafa verið á landsbyggðinni. Aðstaðan og sú mikla verkþekking sem finnst innan vébanda félagsins veitir listamönnum tækifæri til að vinna þar að verkefnum sínum og taka þátt í smáum sem stórum listahátíðum og hverskyns sýningaruppátökum sem síðast en ekki síst stuðlar að því að rækta huga ungra sem aldna listunnenda í borginni.

#### 4. gr. Ábyrgð

Myndhöggvarafélag Reykjavíkur ber ábyrgð á að starfsemi þess fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. MR ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. MR er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

#### 5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni MR, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að MR sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir MR auðkennismerki Reykjavíkurborgar í því skyni. Hægt er að nálgast merki borgarinnar á [www.reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur](http://www.reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur). Tengja má

Menningar- og ferðamálasvið  
Reykjavíkurborgar

30 JAN. 2019

Málsnr.: RMF

18120003

Skjalaflokkur:

3.1.3.

St  
OSB  
LB

ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar [www.visitreykjavik.is](http://www.visitreykjavik.is) við vefi MR til að kynna Reykjavík sem best sem menningarlegan áfangastað.

#### 6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofustjóri menningarmála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við MR. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í mars 2020 og 2021, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og mat lagt á síðasta starfsár.

#### 7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telur MR hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til MR hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

#### 8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþróttá og tómstundaráðs þann 10. desember 2018 um styrki og samstarfssamninga ráðsins. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóma eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

#### 9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar-, íþróttá og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 15. janúar 2019

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Myndhöggvarafélags Reykjavíkur

VOTTUR;  
Spurð þingmálandættir 2016-2019

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur (MOF) f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og ASSITEJ á Íslandi kt. 510491- 1149 gera með sér svofelldan:

### SAMSTARFSSAMNING

Um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við ASSITEJ á tímabilinu 1.1.2019 – 31.12.2020

#### 1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við ASSITEJ er að til styðja menningar- og listuppeldi barna í Reykjavíkurborg og tryggja samfellu og framþróun í sviðslistahátíð ætlaðri börnum.

#### 2. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur MOF ASSITEJ til í beinum fjárframlögum kr.:

- 2.000.000 árið 2019
- 2.000.000 árið 2020

Árið 2019 greiðist upphæðin í tveimur jöfnum greiðslum eða 1.000.000 1.-3. mars og 1.-3. júní og árið 2020 greiðist upphæðin í tveimur greiðslum eða 1.500.000 1.-3. febrúar og 500.000 1.-3. apríl. Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0537-26-342747

#### 3. gr. Framlag og markmið ASSITEJ

ASSITEJ á Íslandi skipuleggur EGGIÐ 2019 – röð viðburða fyrir fagfólk til að efla sviðslistir fyrir unga áhorfendur og UNGA 2020 – alþjóðlega sviðslistahátíð ASSITEJ fyrir unga áhorfendur.

ASSITEJ eru alþjóðleg samtök sviðslistafólks sem gerir leikhús fyrir börn og ungt fólk. Nafnið er sammstöfun á franska heiti samtakanna sem er: Association Internationale du Théâtre pour l'Énfance et la Jeunesse. Hlutverk ASSITEJ á Íslandi er að standa vörð um sviðslistir fyrir unga áherofendur og styðja við listafólk sem starfar á þeim vettvangi. Samtökin beita sér fyrri samstarfi og þróun. Sviðslistahátíðin UNGI í Reykjavík gegnir þar lykilhlutverki og verkefnið EGGIÐ.

Markmið UNGA og EGGSINS er:

- að standa vörð um sviðslistir fyrir unga áhorfendur
- að beita sér fyrir samstarfi og samskiptum listafólks og leikhúsa innanlands sem utan og stuðla þannig að listrænni þróun
- að bjóða upp á fleiri og fjölbreyttari viðburði bæði fyrir unga áhorfendur og fagfólk í sviðslistum á næstu tveimur árum
- að bjóða upp á ókeypis sýningar í hæsta gæðaflokki fyrir fjölskyldur en auk þess að stórefla stuðning við fagfólk sem vill gera sviðslistir fyrir unga áhorfendur
- að auka framboð á vönduðu fræðsluefni tengdu sviðslistasýningum fyrir unga áhorfendur

ASSITEJ eru í eðli sínu mannúðar- og sjálboðaliðasamtök þar sem mikil áherlsa er lögð á jafnrétti á öllum sviðum. Þetta endurspeglast bæði í verkefnavali og áherslum til dæmis varðandi miðlun viðburða út í skólana.

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar	
30 JAN. 2019	
Málsnr.: RMF	18120003
Skjalaflokkur:	3.1.3

#### 4. gr. Ábyrgð

ASSITEJ ber ábyrgð á að starfsemi þess fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. ASSITEJ ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. ASSITEJ er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

#### 5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni ASSITEJ, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að ASSITEJ sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir ASSITEJ auðkennismerki Reykjavíkurborgar í því skyni. Hægt er að nálgast merki borgarinnar á [www.reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur](http://www.reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur). Tengja má ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar [www.visitreykjavik.is](http://www.visitreykjavik.is) við vefi MR til að kynna Reykjavík sem best sem menningarlegan áfangastað.

#### 6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofustjóri menningarmála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við ASSITEJ. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í mars 2020 og 2021, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og mat lagt á síðasta starfsár.

#### 7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telur ASSITEJ hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til ASSITEJ hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

#### 8. gr. Gildistími


Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþrótt og tómstundaráðs þann 10. desember 2018 um styrki og samstarfssamninga ráðsins. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóma eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

#### 9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar-, íþrótt og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 29. janúar 2019

F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. ASSITEJ á Íslandi



Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur (MOF) f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Múlinn - jazzklúbbur (hér eftir kallaður Múlinn) kt.500497-3009 gera með sér svofelldan:

## SAMSTARFSAMNING

Um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Múlinn - jazzklúbb á tímabilinu 1.1.2019 – 31.12.2020

### 1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Múlinn er að hlúa að fjölbreytileika í íslensku tónlistarlífi, vekja athygli á og kynna íslenska jazztónlist í Reykjavíkurborg auk þess að tryggja samfellu og framþróun í árvissri tónleikaröð með öllu helsta jazztónlistarfólki þjóðarinnar.

### 2. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Múlanum til í beinum fjárframlögum kr.:

- 1.500.000 árið 2019
- 1.500.000 árið 2020

Árið 2019 greiðist upphæðin í tveimur jöfnum greiðslum og er fyrsta greiðsla 1.-3. febrúar og önnur greiðsla 1.-3. júní. Árið 2020 greiðist upphæðin í tveimur jöfnum greiðslum eða 750.000 1.-3. janúar og 750.000 1.-3. júní. Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0515-26-500497.

Framlag Reykjavíkurborgar vegna ársins 2020 er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þess árs. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

### 3. gr. Framlag og markmið Múlans - jazzklúbbs

Múlinn skipuleggur og heldur tónleikadagskrá vor, sumar og haust 2019 og 2020.

Markmið Múlans er að setja saman og halda úti heildstæðri og öflugri jazztónleikadagskrá í Reykjavík með öllum helstu jazzleikurum þjóðarinnar ásamt stöku erlendum gestum.

Múlinn var stofnaður haustið 1996 og hefur frá fyrstu tíð verið mikilvægur vettvangur fyrir metnaðarfullar dagskrár íslenskra tónlistarmanna á rytmíska sviðinu sem og kærkomið tækifæri fyrir tónlistarunnendur að njóta tónlistar í hæsta gæðaflokki. Áætlað er að klúbburinn hafi staðið fyrir á sjötta hundrað tónleikum frá upphafi með öllum helstu jazzleikurum landsins, ásamt erlendum jazzleikurum og hljómsveitum. Settar eru saman tónleikaraðir þrisvar sinnum á ár og hefur starfsemi Múlans farið fram á ýmsum stöðum í borginni, undanfarin ár í Hörpu og hefur sú staðsetning verið starfseminni lyftistöng. Stjórn Múlans leitast ávallt við að setja saman metnaðarfulla dagskrá og gera hverja tónleika að sérstökum viðburði. Það er nauðsynlegt að gefa ungum sem eldri tónlistarmönnum sem leggja stund á jazztónlist að bæta, þroska og efla handverk og list sína með því m.a. að hafa tækifæri til að troða upp í Múlanum.

### 4. gr. Ábyrgð

Múlinn ber ábyrgð á að starfsemi klúbbsins, fagmennsku hans og gæðum. Múlinn ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Múlanum er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar	
30 JAN. 2019	
Málsnr.: RMF	18120003
Skjalaflokkur:	313



## 5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Múlans, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að Múlinn sé styrktur af Reykjavíkurborg og birtir Múlinn auðkennismerki Reykjavíkurborgar í því skyni. Hægt er að nálgast merki borgarinnar á [www.reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur](http://www.reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur). Tengja má ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar [www.visitreykjavik.is](http://www.visitreykjavik.is) við vefi Múlans til að kynna Reykjavík sem best sem menningarlegan áfangastað.

## 6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofustjóri menningarmála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Múlan. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í desember 2019 og 2020, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og mat lagt á síðasta starfsár.

## 7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telur Múlinn hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til Múlinn hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

## 8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþróttá og tómstundaráðs þann 10. desember 2018 um styrki og samstarfssamninga ráðsins. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóma eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

## 9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar-, íþróttá og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 15. janúar 2019


F.h. Reykjavíkurborgar



Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Gudmundur Hallvarðsson  
140875-2959

F.h. Múlans – jazzklúbbs



slt  
HLS  
07

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur (MOF) f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Harbinger/Easyweb Ísland ehf, kt. 501201-2780, Freyjugötu 18, 101 RVK, gera með sér svofelldan:

### SAMNING

Um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Harbinger á tímabilinu 1.1.2019 – 31.12.2020

#### 1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Harbinger er að styðja við myndlistarlíf í Reykjavíkurborg og efla vitund almennings um íslenska samtímalist með því að styðja við rekstur á Harbinger sýningarrými og starsemi á þess vegum.

#### 2. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur MOF Harbinger til í beinum fjárframlögum kr.:

kr. 1.000.000 árið 2019

kr. 1.000.000 árið 2020

Árin 2019 og 2020 greiðist upphæðin í einni greiðslu þ. 1.-3. mars.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0101-26-022770, kt. 501201-2780

#### 3. gr. Framlag og markmið Harbinger

Markmiðin með starfsemi Harbinger er að viðhalda fjölbreytni í sýningarflóru borgarinnar og veita ákveðið mót vægi við listastofnanir, en aðstandendur Harbinger telja afar mikilvægt að myndlist fái einnig að dafna á sjálfsprottinn og óstofnanavæddan máta.

Markmið Harbinger eru einnig að vinna gegn lagskiptingu myndlistarsamfélagsins og þannig hefur Harbinger frá upphafi boðið ólíkum listamönnum til sýningarhalds, ungum jafnt sem öldnum, til þess að leggja áherslu það sem sameinar og undirstrika það að öll erum við samstarfsmenn og samtímamenn þvert á kynslóðir. Harbinger sýnir eingöngu samtímalist og leggur upp með að velja sýningar sem eiga erindi við samfélagið.

Fyrri hluta ársins 2019 stendur yfir sýningadagskráin „Vera“ sem er skipulögð af Kristínu Helgu Ríkarharðsdóttur, Rúnari Erni Marínóssyni, Unu Björgu Magnúsdóttur og Veigari Ölni Gunnarssyni. Síðari hluti ársins 2019 veður skiplagður af Steinunni Önnudóttur og Höllu Hannesdóttur. Sýningardagskrá 2020 verður kynnt síðar.

Harbinger hefur starfað samfleytt frá því í júní 2014 og á því tímabili staðið að yfir 50 sýningum og sjálfstæðum viðburðum.

#### 4. gr. Ábyrgð

Harbinger ber ábyrgð á að starfsemi hátíðarinnar fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Harbinger ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Harbinger er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

Menningar- og ferðamálasvið  
Reykjavíkurborgar

20 FEB. 2019

Málsnr.: RMF 18120003

Skjalaflokkur: 3.1.3.

## 5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Harbinger, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að Harbinger sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir Harbinger auðkenni-merki Reykjavíkurborgar í því skyni. Hægt er að nálgast merki borgarinnar á [www.reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur](http://www.reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur). Tengja má ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar [www.visitreykjavik.is](http://www.visitreykjavik.is) við vefi Harbinger til að kynna Reykjavík sem best sem menningarlegan áfangastað.

## 6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofustjóri menningarmála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Harbinger. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í mars 2020 og 2021, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og mat lagt á síðasta starfsár.

## 7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telur Harbinger hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til Harbinger hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

## 8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþróttá og tómstundaráðs þann 10. desember 2018 um styrki og samstarfssamninga ráðsins. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóma eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

## 9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála


Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar-, íþróttá og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 20. febrúar 2019

F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Harbinger/Easyweb Ísland ehf



Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur (MOF) f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Reykjavík Dance Festival (RDF) kt. 520402-3570 gera með sér svofelldan:

### SAMNING

Um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Reykjavík Dance Festival á tímabilinu 1.1.2019 – 31.12.2020

#### 1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við RDF er að:

- styðja við íslenska danshöfunda og framþróun í greininni
- vekja athygli á og kynna íslenska danslist hér á landi og erlendis
- að veita reykvískum áhorfendum aðgang að erlendum danshöfundum á heimsmælikvarða og verkum þeirra
- að gefa erlendum gestum tækifæri til að sjá það besta sem íslenskir danshöfundar hafa upp á að bjóða
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð

#### 2. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur MOF RDF til í beinum fjárframlögum kr.:

kr. 4.000.000 árið 2019

kr. 4.000.000 árið 2020

Árin 2019 og 2020 greiðist upphæðin í fjórum greiðslum:

kr. 1.000.000 þ. 1.-3. mars

kr. 1.500.000 þ. 1.-3. júní

kr. 1.500.000 þ. 1.-3. september

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0513-14-102139, kt. 520402-3570

#### 3. gr. Framlag og markmið Reykjavík Dance Festival

Reykjavík Dance Festival hefur verið mikilvægur þáttur í uppbyggingu danslistar á Íslandi frá árinu 2002 og er lýst sem hjartslætti dans- og kóréógrafíu á Íslandi og Reykjavík. Sjálfstætt starfandi dansarar settu hátíðina á laggirnar í upphafi þar sem enginn slíkur vettvangur var fyrir hendi fyrir þá. Mikil framþróun hefur orðið á íslenski danslist undanfarin ár og á hátíðin stórátt í þeirri framvindu.

Reykjavík Dance Festival skipuleggur og heldur þrjá viðburði bæði samningsárin:

Apríl 2019/2020 - RDF og Tjarnarbíó halda danshátíð tileinkaða íslenskum dönsurum og danshöfundum.

Ágúst 2019/2020 – listamannadvalir og vinnuaðferðir listamanna: ný verk og sýningar innlendra og erlendra danslistamanna

Nóvember 2019 – Unglingurinn í Reykjavík: hátíð tileinkuð fyrir, með og handa unglungum í Reykjavík og aðrir viðburðir.

Nóvember 2020 – Alþjóðleg sviðslistahátíð.

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar
14 FEB. 2019
Málsnr.: RMI: 1812 0003
Skjalaflokkur: 3.1.3.

AG

#### 4. gr. Ábyrgð

RDF ber ábyrgð á að starfsemi hátíðarinnar fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. RDF ber ábyrgð á skuldbindingum sem hátíðin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. RDF er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

#### 5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni RDF, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að RDF sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir RDF auðkennismerki Reykjavíkurborgar í því skyni. Hægt er að nálgast merki borgarinnar á [www.reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur](http://www.reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur). Tengja má ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar [www.visitreykjavik.is](http://www.visitreykjavik.is) við vefi RDF til að kynna Reykjavík sem best sem menningarlegan áfangastað.

#### 6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofustjóri menningarmála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við RDF. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í mars 2020 og 2021, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og mat lagt á síðasta starfsár.

#### 7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telur RDF hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til RDF hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

#### 8. gr. Gildistími


Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþrótt og tómstundaráðs þann 10. desember 2018 um styrki og samstarfssamninga ráðsins. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóma eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

#### 9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar-, íþrótt og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 14. febrúar 2019

F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Reykjavík Dance Festival

